

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 495/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingar og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

I.

Ákærða er gefið að sök að aka mánudaginn 8. apríl 1985, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-41816 frá Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29 í Reykjavík, en þar hafði lögreglan afskipti af honum að loknum akstri. Mál hans var rannsakað hjá lögreglunni í Reykjavík og sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar 17. janúar 1986. Ákæra er útgefin 12. febrúar 1986. Málið er þingfest 30. október s.á. af Júlíusi B. Georgssyni, fulltrúa yfirsakadómara. Dómarinn leggur fram skjöl, ákærði kemur fyrir rétt, ákæran er birt, ákærði óskar eftir að halda uppi vörnum og tilnefnir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmann sem verjanda sinn. Málið er næst tekið fyrir 22. júní 1987 og ákærði þá yfirheyrður í viðurvist verjanda síns. Vitnaskýrslur eru teknar í þinghöldum 14. júlí s.á. og 30. júlí s.á. Verjandi ákærða er viðstaddur fyrra þinghaldið, en í upphafi þess síðara er bókað, að verjanda ákærða hafi verið tilkynnt um þinghaldið, en hann hafi boðað forföll vegna brottfarar af landinu. Málið er síðan ekki tekið fyrir fyrr en tæpum tveimur árum síðar, eða 26. júlí 1989, og aftur 18. ágúst s.á. Tvö vitni eru þá yfirheyrð sitt í hvoru þinghaldi. Hvorki ákærði né verjandi hans voru viðstaddir þessi þinghöld, og þess er ekki getið í bókunum, að þeir hafi verið boðaðir til þessara þinghalda. Síðasta þinghald í héraði fer fram 2. október 1989. Verjandi ákærða er þá viðstaddur og

leggur fram skriflega vörn. Málið er síðan tekið til dóms, án þess að ákærði komi fyrir dóm, og vitnaskýrslur í þinghöldum 30. júlí 1987, 26. júlí 1989 og 18. ágúst s.á. kynntar fyrir honum, og hann fái tækifæri til að tjá sig um þær, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Eigi þykir þó nauðsynlegt að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina af þessum sökum, þar sem verjandi átti þess kost, sbr. 124. gr. sömu laga, að fá ákærða og þessi vitni yfirheyrð á ný, ef hann taldi þörf á því.

II.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakarmat og færslu til refsíákvæða.

Refsing ákærða vegna máls þessa eins út af fyrir sig hefði, svo sem sakaferli hans er háttað, farið fram úr sektum. Brot gegn 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1956, sem í gildi voru, þegar brotið var framið, sbr. nú 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 2. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kemur ekki til álita, að mál ákærða sé fyrnt. Að þessu athuguðu ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um viðurlög og sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Svo sem rakið er hér að framan, var meðferð máls þessa í héraði verulega ábótavant, og stórfelldur dráttur varð einnig á rekstri þess, sem ekki hefur verið réttlættur. Verður ekki hjá því komist að víta meðferð þessa.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Bjarni Heiðar Ásgeirsson Hraundal, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. nóvember 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 2. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 539/1989: Ákærvaldið gegn Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal, sem tekið var til dóms hinn 2. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. febrúar 1986, á hendur Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal, Kaplaskjólsvogi 37, Reykjavík, fæddum 21. október 1952 í Reykjavík, „fyrir að aka, mánudaginn 8. apríl 1985, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-41816 frá Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29, Reykjavík, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða að loknum akstri.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Mánudaginn 8. apríl 1985, laust fyrir kl. 19.00, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að ölvaður maður hefði ekið frá Spóahólum í bifreiðinni R-41816. Meðal lögreglumanna, sem hófu eftirgrennslan eftir bifreið þessari, voru Gunnar S. I. Sigurðsson og Páll Á. Jónsson. Er þeir óku vestur Miklubraut, sáu þeir til ferða framangreindrar bifreiðar, þar sem henni var ekið austur sömu götu. Sneru þeir þegar við og hófu eftirför. Var bifreiðinni ekið af Miklubraut suður Grensásveg og austur Breiðagerði. Vegna umferðar misstu lögreglumennirnir sjónar af bifreiðinni í Breiðagerði, en fundu hana strax aftur í innkeyrslu hússins nr. 29 við þá götu. Þá var ökumaður bifreiðarinnar ekki í henni, en íbúi í húsinu, Bryndís Snorradóttir að nafni, sem lögreglumennirnir hittu að máli í innkeyrslunni, greindi þeim frá því, að víst mætti telja, að hann hefði farið inn í húsið. Heimilaði hún lögreglumönnum að leita ökumannsins, ákærða í máli þessu, í íbúð hennar. Fundu lögreglumennirnir ákærða, þar sem hann lá í rúmi í risherbergi.

Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 19.51. Reyndist það innihalda 1,84‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins skýrði ákærði svo frá, að mánudaginn 8. apríl 1985 hafi hann ekið bifreiðinni R 41816 frá húsi einu við Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29 hér í borg, þar sem lögreglan hafi haft afskipti af honum að afloknum akstri. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa ekið bifreiðinni undir áfengisáhrifum greint sinn.

Ákærði kvaðst þó nokkru fyrir aksturinn hafa drukkið einn vodka-, „sjúss“, en að akstri loknum hafi hann farið inn í herbergi á efri hæð fyrrnefnds húss, þar sem hann hafi sturtað í sig úr u.þ.b. hálfri 0,75 lítra vodkaflösku, en enginn hafi þó verið vitni að þessari drykkju hans. Skömmu síðar hafi lögreglan komið að honum og fært hann á lögreglustöð, en flöskuna hafi hann annaðhvort skilið eftir í herberginu eða fleygt út um gluggann.

Í skýrslu þeirri, sem tekin var af ákærða við lögreglurannsókn málsins og hann hefur staðfest sem rétta í dóminum, kvaðst ákærði fyrir aksturinn hafa drukkið tvöfaldan vodka-, „sjúss“, blandaðan í gosdrykk. Með honum við drykkjuna hafi verið bræðurnir Guðjón og Brynjólfur Óskarssynir. Hafi hann dvalið hálfa til eina klukkustund hjá Guðjóni og neytt þessa áfengis á þeim tíma. Áfengið, sem hann drakk að loknum akstri, hafi hann fengið hjá Guðjóni.

Vitnið Páll Ástþór Jónsson lögreglumaður skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að tilkynnt hafi verið um ölvaðan ökumann á bifreiðinni R-41816. Litlu síðar hafi það og lögreglumaður nr. 57 veitt bifreiðinni athygli, þar sem henni var ekið austur Miklubraut, en þeir lögreglumennirnir hafi verið á leið vestur þá götu. Þeir hafi þegar hafið eftirför og ekið austur Miklubraut, suður Grensásveg og austur Breiðagerði, þar sem þeir hafi um stund misst sjónar af bifreiðinni, en fundið hana aftur í innkeyrslu hússins nr. 29 við Breiðagerði. Þar hafi þeir hitt að máli konu, sem sagst hafi verið íbúi í húsinu. Hafi hún sagt þeim, að ökumaður tédar bifreiðar hafi komið að húsinu, augnabliki áður en þá lögreglumennina bar að, og hefði hann farið inn í húsið. Hafi konan síðan vísað þeim á manninn, þar sem hann hafi legið á bedda í herbergi á efri hæð hússins. Kvaðst vitnið hafa litast um í herberginu, en ekki hafi það getað fundið þar áfengi og ekki hafi maðurinn haft á sér áfengi. Maður þessi hafi borið greinileg merki ölvunar, en ekki treysti vitnið sér til að segja nárar til um útlit hans.

Vitnið kvaðst ekki vera í vafa um, að einungis örskammur tími hafi liðið, frá því að ákærði fór út úr bifreiðinni og þar til þeir lögreglumennirnir handtóku hann. Taldi vitnið því, að svigrúm ákærða til að neyta áfengis, eftir að akstri lauk, hafi nánast ekkert verið.

Vitnið Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson lögreglumaður skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hafi greint sinn verið í eftirlitsferð ásamt lögreglumanni nr. 153. Er þeir óku eftir Miklubraut, hafi þeir mætt bifreiðinni R-41816, en áður hafi verið búið að tilkynna þeim, að ölvaður ökumaður væri á bifreiðinni. Þeir hafi veitt bifreiðinni eftirför og hafi ökumaður hennar sjáanlega reynt að komast undan og farið að húsi við Breiðagerði og inn í það hús. Þeir hafi síðan með leyfi húsráðanda farið inn í húsið. Hafi þeir fundið ökumanninn liggjandi á dýnum uppi

í risi hússins. Hafi hann verið mjög drukinn. Engin merki hafi verið þess, að hann hafi neytt áfengis í húsinu, enda ekki nema u.þ.b. 10 sekúndur frá því að hann fór inn í húsið og þar til þeir fylgdu á eftir honum.

Áréttaði vitnið fyrir dóminum, að einungis örstutt stund hafi liðið, frá því að ákærði fór inn í fyrrnefnt hús, þar til þeir lögreglumennirnir komu að honum í risherberginu. Kvaðst vitnið ekkert áfengi hafa fundið í herberginu þrátt fyrir leit. Þótt ekki væri með öllu hægt að útiloka, að ákærði hafi getað neytt áfengis, eftir að akstri lauk, væri það afar ósennilegt.

Vitnið Bryndis Snorradóttir skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hafi verið statt í bifreið sinni fyrir utan þáverandi heimili sitt, Breiðagerði 29, er það hafi veitt því athygli, að fyrrum sambýlismaður þess, þ.e. ákærði í máli þessu, hafi komið akandi í bifreið og lagt henni fyrir aftan bifreið þess. Hafi ákærði farið út úr bifreiðinni og gengið rakleidis inn í húsið. Skömmu síðar hafi lögreglubifreið komið að húsinu, og taldi vitnið, að innan við mínúta hafi liðið, frá því að ákærði kom að húsinu, þar til lögreglan kom.

Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð, að ákærði hafi verið með áfengisflösku. Hann hafi a.m.k. ekki verið með hana, þegar það og lögreglumennirnir fundu hann í húsinu. Því hafi fundist ákærði vera undir talsverðum áfengisáhrifum, er hann kom að heimili þess. Þá kvað vitnið ekki hafa verið áfengi á heimili þess, og teldi það, að ákærði hefði ekki haft tíma til að neyta áfengis þar sökum þess, hve skammur tími leið milli komu ákærða og lögreglu þangað.

Vitnið kvaðst ekki minnst þess, að lögreglumennirnir hafi framkvæmt sérstaka leit í herberginu, sem ákærði var í, en hann hafi ekki verið að aðhafast neitt, þegar að honum var komið þar.

Fyrir dómi greindi vitnið frá því, að það hafi ekki veitt því athygli, hvort ákærði hafi verið með áfengisflösku meðferðis, þegar hann hljóp inn í húsið, en tók þó fram, að það hafi ekki séð hann ýkjavel. Hins vegar hafi það daginn eftir veitt athygli tómrí flösku undan áfengi, sennilega brennivíni, sem verið hafi í námunda við rúmið, sem ákærði lá í, er að honum var komið.

Vitnið Guðjón Hróar Óskarsson, Melabraut 19, áður 57, Seltjarnarnesi, gaf skýrslu hjá lögreglu hinn 21. ágúst 1985. Skýrði það svo frá, að það minnst þess, að dag einn í apríl sama ár, rétt eftir helgi, hafi ákærði komið í heimsókn til þess. Hafi Brynjólfur, bróðir þess, þá verið hjá því. Ákærði hafi staðið við í rúma klukkustund og fengið sér í glas. Kvaðst vitnið ekki vita, hvort ákærði hafi drukkið úr meira en einu glasi, og ekki, hvort þetta hafi verið vodka eða brennivín, en það hafi átt áfengi af báðum þeim tegundum. Ákærði hafi ekki verið drukinn, þegar hann fór frá því, en því væri kunnugt um, að ákærði var á bifreið og hafi ekið henni sjálfur.

Þegar ákærði fór, hafi hann fengið áfengisflösku hjá Brynjólfi, u.þ.b. hálf-fulla, af annarri hvorri fyrrnefndra tegunda.

Fyrir dómi kvaðst vitnið kannast við ákærða, þeir hafi verið kunningjar á þessum tíma og ákærði stundum komið í heimsókn til þess. Það kvaðst ekki geta greint frá málavöxtum í neinum smærri atriðum og í raun ekki geta annað en vísað til skýrslunnar, sem það gaf við lögreglurannsókn málsins.

Vitnið Brynjólfur Óskarsson hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Það kvaðst þekkja ákærða. Hafi hann hér á árum áður stundum komið á heimili þess, en þá hafi ákærði og Guðjón, bróðir þess, verið kunningjar. Sökum þess, hve oft ákærði kom á þessum árum á heimili þess til að heimsækja Guðjón, svo og þess, hve langt væri nú um liðið frá umræddum atburði, kvaðst vitnið ekki treysta sér til að svara því, hvort það hafi þá verið statt í sama herbergi og ákærði, og því gæti það ekkert sagt um áfengisneyslu eða áfengisáhrif ákærða þennan tiltekna dag né hvaða áfengis- tegund það hafi látið ákærða hafa. Það myndi hins vegar aldrei hafa látið ákærða komast upp með að fara á bifreiðinni, ef hann hefði verið ölvaður.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni R-41816 frá Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29 í Reykjavík hinn 8. apríl 1985. Hann hefur þó viðurkennt að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, þótt í litlum mæli væri. Vitnin Páll Á. Jónsson, Bryndís Snorradóttir og Gunnar S. I. Sigurðsson hafa öll borið, að er þau sáu ákærða þegar að afloknum akstri hans, hafi hann verið undir áfengisáhrifum. Þegar litið er til þessa framburðar vitnanna, er framburður ákærða um áfengisneyslu eftir akstur með miklum ósenni-leikablæ, einkum þegar haft er í huga, hve skammur tími leið milli komu hans og lögreglumannanna í risherbergi hússins nr. 29 við Breiðagerði. Verður því að telja, að áfengismagn það, sem fannst í blóði ákærða, hafi stafað af áfengisneyslu fyrir akstur. Þykir því sannað með vætti framan- greindra vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Framanlýst háttsemi varðar við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

— — —

[Ákærði sættist 1973 á greiðslu sektar fyrir ölvunarakstur og sætti árin 1975-1982 sex refsidómum fyrir sams konar brot. Hann hefur einnig sætt

tveimur refsidómum fyrir önnur umferðarlagabrot, einum fyrir líkamsárás, einum fyrir fjárdrátt, einum fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum og einum fyrir skjalafals og svik. Einnig hefur hann fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir ýmis brot.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Verður refsingin tiltekin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Pegar litið er til þess, að frá því að brot það, sem hér er til umfjöllunar, var framið, hefur ákærði í fjórum refsidómum hlotið samtals níu mánaða fangelsi, þar af þrjá skilorðsbundna, auk 60 daga varðhalds, þykir rétt að láta við svo búið sitja og gera ákærða ekki sérstaka refsingu í máli þessu.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 101. og 102. gr. núgildandi umferðarlaga, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja. Samkvæmt 104. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun dómsins ekki verkun hans að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri málsins, verður ekki réttlættur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal, verður ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.